

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um almenn áhrif skipulagsbreytinga á heilbrigðiskerfinu samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Hverjar verða mögulegar afleiðingar uppsagna heilbrigðisstarfsfólks á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni þegar horft er til búferlaflutninga innan lands og flutnings heilbrigðisstarfsfólks og fjölskyldna þeirra af landi brott?
2. Hver eru svæðisbundin áhrif þeirra skipulagsbreytinga sem boðaðar eru á heilbrigðiskerfinu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011? Óskað er eftir mati á m.a. áhrifum breytinganna á fólksfækkun í landshlutum (eftir kjördæmaskipan sem var við lýði 1959–1999), á þróun hagvaxtar í sömu landshlutum, á menntastofnanir, á fasteignaverð, á búsetukostnað, á önnur opinber störf í viðkomandi landshlutum o.s.frv.

Skriflegt svar óskast.